



Greinargerð B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2020

Lagt fram í borgarráði
27. ágúst 2020

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| B-hluti | 2 |
| Faxaflóahafnir | 2 |
| Félagsbústaðir | 6 |
| Orkuveita Reykjavíkur | 11 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs | 18 |
| SORPA bs | 23 |
| Strætó bs. | 28 |
| Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki | 32 |

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.



Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

| Faxaflóahafnir sf. (m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2020_06 | Breyting | % | Raun 2019_06 | Breyting | % |
|------------------------------------|--------------|----------------|-------------|----------------|--------------|-------------|----------------|
| Rekstrartekjur | 1.602 | 1.986 | -385 | -19,4% | 1.964 | -362 | -18,4% |
| Rekstrargjöld | -1.707 | -1.841 | 133 | -7,2% | -1.538 | -169 | 11,0% |
| EBITDA | 334 | 586 | -251 | -42,9% | 810 | -476 | -58,7% |
| EBIT | -106 | 146 | -251 | -172,5% | 425 | -531 | -124,8% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -16 | 3 | -18 | -727,8% | -11 | -4 | 39,3% |
| Óreglulegir liðir (tekjur) | 270 | 0 | 270 | | 3 | 267 | |
| Rekstrarniðurstaða | 149 | 148 | 1 | 1% | 417 | -268 | -64,2% |

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Faxaflóahafna sf. fyrstu sex mánuði ársins 2020 nam 149 m.kr. sem er á pari við áætlun. Til samanburðar var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 417 m.kr. fyrir sama tíma árið 2019 og því hefur hagnaður dregist um 64,2%. Tap af reglulegri starfsemi nam 105,6 m.kr. en 2019 var var hagnaður af reglulegri starfsemi 425,2 m.kr. Tekjur af óreglulegum liðum vegur upp tapið af reglulegri starfsemi.



Rekstrartekjur félagsins fyrstu 6 mánuði 2020 voru 1.602 m.kr. sem er 18,4% lækkun reglulegra tekna frá sama tímabili 2019 og nam lækkunin 362 m.kr. Samdráttur í vöruflutningum og afbókanir skemmtiferðaskipa þýðir að tekjur ársins verða talsvert lægri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld eru 26,9% lægri en áætlun gerði ráð fyrir, en aflaggjöld eru á áætlun. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu eru talsvert undir áætlun þar sem nánast engin farþegaskip koma til hafnar vegna Covid-19 veirunnar.


| Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun | Mism. | % | Raun 2019_06 | Mism. | % |
|-------------------------------------|--------------|--------------|-------------|---------------|--------------|-------------|---------------|
| Vörugjöld | 544 | 744 | -200 | -26,9% | 713 | -169 | -23,7% |
| Aflagjöld | 65 | 67 | -2 | -3,0% | 63 | 2 | 3,2% |
| Skipagjöld | 170 | 264 | -94 | -35,6% | 250 | -80 | -32,0% |
| Eignatekjur | 497 | 486 | 11 | 2,3% | 481 | 16 | 3,3% |
| Hafnarþjónusta | 233 | 278 | -45 | -16,2% | 294 | -61 | -20,7% |
| Siglingavernd | 93 | 147 | -54 | -36,7% | 163 | -70 | -42,9% |
| | 1.602 | 1.986 | -384 | -19,3% | 1.964 | -362 | -18,4% |

Fyrstu sex mánuði ársins voru tekjur af vörugjöldum undir áætlun. Því verður að sjá til hvernig tekjur skila sér seinni hluta ársins, ætla má eftir sem áður að niðurstaðan verði undir því sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.

Verulegt tekjutap er vegna þess að nánast engin farþegaskip hafa komið til landsins eins og áður sagði en tekjur vegna þeirra voru áætlaðar 700 m.k.r brúttó. á árinu 2020. Meðal óreglulegra liða er færður söluhagnaður vegna hafnsögubátsins Jötuns sem var seldur í júní á 220,5 m.kr., og tekjur vegna viðbótargatnagerðargjalda.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. fyrstu 6 mánuði 2020 voru 1.707 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.841 m.kr. Fyrir sama tímabil árið 2019 voru þau 1.538 m.kr. Þannig að þau hækka um 11,0% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Inn í rekstrargjöld ársins er fært uppgjör vegna kjarasamninga sem gilda frá 1. apríl 2019. Reiknað er með að rekstrargjöld verði almennt í samræmi við áætlun. Rekstrarafgangur fyrstu sex mánuðina er lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Siglingavernd og eignagjöld voru undir áætlun. Aðrir liðir voru yfir áætlun en heildar áætlunin var svo til á pari.



| Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun | Mism. | % | Raun 2019_06 | Mism. | % |
|------------------------------------|--------------|--------------|-------------|--------------|--------------|------------|--------------|
| Hafnavirki | 369 | 400 | -31 | -7,7% | 295 | 74 | 25,1% |
| Eignagjöld | 233 | 293 | -60 | -20,4% | 242 | -9 | -3,7% |
| Hafnarþjónusta | 366 | 344 | 22 | 6,3% | 293 | 73 | 24,9% |
| Skrifstofu- og stjórnunark. | 208 | 212 | -4 | -1,9% | 205 | 3 | 1,5% |
| Siglingavernd | 91 | 152 | -61 | -40,0% | 118 | -27 | -22,9% |
| Afskriftir | 440 | 440 | 0 | 0,0% | 385 | 55 | 14,3% |
| | 1.707 | 1.841 | -134 | -7,3% | 1.538 | 169 | 11,0% |

| Laun og launatengd gjöld (m.kr.) | 2016_06 | 2017_06 | 2018_06 | 2019_06 | 2020_06 |
|----------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Bækistöð | 64 | 59 | 72 | 73 | 89 |
| Húseignir | 11 | 12 | 12 | 13 | 14 |
| Grundart hafnargæsla | 17 | 18 | 20 | 22 | 25 |
| Hafnsaga | 65 | 75 | 85 | 88 | 101 |
| Hafnarþjónusta | 158 | 161 | 170 | 196 | 250 |
| Hafnarstjórn | 10 | 10 | 10 | 11 | 11 |
| Skrifstofa | 94 | 101 | 101 | 111 | 124 |
| Samtals: | 419 | 436 | 469 | 514 | 613 |


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld Gjöld af fjármagnsliðum námu 16 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3 m.kr. í tekjur. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 11 m.kr. á sama tímabili 2019.

Efnahagur

| Efnahagur (m.kr.) | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | % |
|------------------------------------|-----------|------------|----------|--------|
| Fastafjármunir | 14.200 | 13.191 | 1.009 | 7,7% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 480 | 1.431 | -951 | -66,5% |
| Handbært fé | 1.490 | 1.404 | 86 | 6,1% |
| Eignir samtals | 16.170 | 16.026 | 144 | 0,9% |
| Eigið fé | 14.634 | 14.917 | -283 | -1,9% |
| Langtímaskuldir | 577 | 568 | 9 | 1,5% |
| Næsta árs afborganir langt. skulda | 96 | 95 | 1 | 1,3% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 863 | 446 | 417 | 93,3% |
| Skuldir samtals | 1.536 | 1.110 | 426 | 38,4% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 16.170 | 16.026 | 144 | 0,9% |

Heildareignir námu 16.170 m.kr. og hafa lækkað frá áramótum. Þar af námu fastafjármunir 14.200 m.kr. og veltufjármunir 1.970 m.kr. Heildarskuldir námu 1.536 m.kr. og langtímaskuldir 577 m.kr. Langtímaskuldir eru svipaðar og um áramót. Meðal annarra skammtímaskulda er ógreiddur arður rúmlega 431 m.kr. en hann var greiddur út í júlí. Eigið fé nam 14.634. m.kr.

Sjóðstreymi



Handbært fé frá rekstri var 889 m.kr. Fjárfestingar námu 805,7 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins en fjárfestingar ársins eru áætlaðar verða 469 m.kr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir en ráðgert var að fjárfesting næmi 1.850 m.kr. Stærsta einstaka framkvæmd sem hefur verið frestað er endurnýjun Aðalhafnargarðs á Akranesi. Lokið var við landgerð við Sævarhöfða sem er í samræmi við samning borgar og hafnar um kaup og landskil í Sævarhöfða. Verkefni við Ægisgarð vegna aðstöðu hafsækinnar ferðapjónustu er á áætlun. Nýr dráttarbatúur kom til Faxaflóahafna í lok febrúar 2020, hann var að stærstum hluta greiddur 2019.

Greiddur var út arður til eigenda sem nam 431,6 m.kr. Handbært fé er eilítið hærra en um síðustu áramót.

Útlit er fyrir að niðurstaða ársins 2020 verði lægri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Helstu óvissuþættir þar að lútandi ráðast af þróun tekna. Rekstrargjöld verða í samræmi við áætlun en fjárfestingar mun lægri en áætlun ársins 2020 gerði ráð fyrir.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2016-2020:

| Faxaflóahafnir | 2016_06 | 2017_06 | 2018_06 | 2019_06 | 2020_06 |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Eiginfjárlutfall | 90,4% | 90,5% | 88,5% | 87,2% | 90,5% |
| Arðsemi eigin fjár | 3,6% | 4,8% | 12,6% | 5,7% | 2,0% |
| Veltufjárlutfall | 4,96 | 3,05 | 2,82 | 2,48 | 2,05 |
| Langtímaskuldir/eigið fé | 7,1% | 6,2% | 5,2% | 4,5% | 3,9% |
| Uppgreiðslutími | 0,77 | 0,62 | 0,54 | 0,47 | 0,83 |
| Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur | 41,1% | 42,6% | 41,7% | 40,8% | 25,3% |
| Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur | 41,2% | 42,9% | 42,0% | 41,3% | 20,9% |

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Tap af reglulegri starfsemi (EBIT) nam 105,6 m.kr. en 2019 var var hagnaður af reglulegri starfsemi 425,2 m.kr. Því samdráttur uppá 125%
- Rekstrarniðurstaða Faxaflóahafna sf. fyrstu sex mánuði ársins 2020 nam 149 m.kr. sem er á pari við áætlun. Tekjur af óreglulegum liðum vegur upp tapið af reglulegri starfsemi, þar munar mest um sölu á dráttarbáti.
- Staða á handbæru fé er góð og hækkaði um 80 m.kr. frá áramótum.
- Kennitölur félagsins lýsa því að reksturinn er að þyngjast.
- Tekjur af vörugjöldum er stærsti einstaki liðurinn sem hefur dregist hvað mest saman, en þar munar 200 m.kr. frá áætlun.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Mikilvægt er að móta eigenda- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir

Ársuppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

| Félagsbústaðir hf. (m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2020 | Breyting | % | Raun 2019_06 | Breyting | % |
|------------------------------------|--------------|--------------|-------------|---------------|--------------|---------------|---------------|
| Rekstrartekjur | 2.272 | 2.364 | -92 | -3,9% | 2.116 | 155 | 7,3% |
| Rekstrargjöld | -1.222 | -1.279 | 57 | -4,4% | -1.049 | -173 | 16,5% |
| EBIT | 1.050 | 1.085 | -36 | -3,3% | 1.067 | -18 | -1,6% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -558 | -559 | 2 | -0,3% | -594 | 36 | -6,1% |
| Verðbætur | -657 | 0 | | | -715 | 59 | -8,2% |
| Matsbreyting fjárfestingaeigna | 19 | 0 | | | 3.386 | -3.366 | -99,4% |
| Óreglulegir liðir (tekjur) | 157 | 0 | | | 0 | 157 | |
| Rekstrarniðurstaða | 12 | 526 | -515 | -97,8% | 3.143 | -3.131 | -99,6% |

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins. Áætlun 2020 er með breytingum vegna viðauka við áætlun 2020 samþykktum af stjórn 28.5. síðastliðinn.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á fyrri hluta 2020 námu 2.272 m.kr. og jukust um 7,3% milli ára en þar munar mest um hækkun leigu vegna fjölgunar eigna og hækkunar á leiguverði eigna sem velferðarsvið leigir af. Hækkun vísitölu milli á 12 mánaða tímabili nam 2,2%. Áætlun með breytingum vegna viðauka lækkaði um 70 mkr. en er engu að síður 3,9% undir áætlun. Skýringin liggur í minni verðlagsbreytingum fyrri hluta árs og færri leiguingum. Gert er ráð fyrir að tekjuáætlun muni standast.

Rekstrargjöld voru 1.222 m.kr. eða 57 m.kr. (4,4%) undir áætlun, helstu skýringar eru að; Rekstur fasteigna lækkaði samanborið við áætlun um 22 m.kr. undir áætlun eða 8,5% aðallega vegna lægri húsfélagsgjalda, eftirlitskerfa og kostnaðar við sorp og lóðaumhirðu.


Viðhald- og framkvæmdir nema 466 m.kr. eða 38 m.kr. lægri en áætlun gerir ráð fyrir. Framkvæmdagjöld húsfélaga voru 19,2 m.kr. undir áætlun og lægri verktaka- og efniskostnaður skýra mismuninn. Viðhald sem hlutfall af tekjum nemur nú 20,5% en nam 21,3% í fyrra.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 259 m.kr. eða 13 m.kr. hærri en áætlun. Launakostnaður var 8 m.kr. yfir áætlun, sem skýrist aðallega af hækkun vegna nýrra kjarasamninga. Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 26 m.kr. yfir áætlun en það skýrist af gjaldfærslu tölvukaupa og búnaðar sem ekki verður á síðari hluta ársins. Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna hækkaði var 9,4 m.kr. samanborið við 5,7 m.kr. á sama tímabili í fyrra en hann er 14 m.kr. undir áætlun.

Óreglulegar tekjur 157 m.kr. eru vegna söluhagnaðar á skrifstofuhúsnæði félagsins að Hallveigarstíg 1.

| Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.) | Raun 2020 F2 | Áætlun | Mism. | % | Raun 2019 F2 | Mism. | % |
|--|--------------|-------------|------------|--------------|--------------|------------|--------------|
| Rekstur og viðhald eignasafns | | | | | | | |
| Rekstur fasteigna | 233 | 255 | -22 | -8,5% | 215 | 18 | 8,3% |
| Viðhald og framkvæmdir | 473 | 504 | -31 | -6,1% | 368 | 106 | 28,8% |
| Fasteigna og brunabótaiðgjöld | 256 | 274 | -18 | -6,5% | 240 | 17 | 7,1% |
| Rekstur og viðhald eignasafns alls | 963 | 1033 | -71 | -6,8% | 822 | 141 | 17,1% |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 165 | 156 | 8 | 5,4% | 157 | 8 | 5,0% |
| Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður | 85 | 66 | 19 | 29,4% | 65 | 20 | 31,5% |
| Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur | 9 | 24 | -14 | -60,4% | 6 | 4 | 64,2% |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls | 259 | 246 | 13 | 5,4% | 227 | 32 | 14,1% |
| Rekstrargjöld alls: | 1.222 | 1279 | -57 | -4,5% | 1.049 | 172 | 16,4% |

Rekstrarhagnaðarlutfall (EBIT%) er 46,2% en á sama tímabili í fyrra var það 50,6%.




Efnahagur og eignasafn

| Efnahagur (m.kr.) | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | % |
|------------------------------------|-----------|------------|----------|--------|
| Fastafjármunir | 94.424 | 92.386 | 2.038 | 2,2% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 377 | 290 | 87 | 30,2% |
| Handbært fé | 1.340 | 1.059 | 281 | 26,5% |
| Eignir samtals | 96.140 | 93.734 | 2.406 | 2,6% |
| Eigið fé | 47.389 | 47.230 | 159 | 0,3% |
| Skuldbindingar | 2.556 | 1.618 | 938 | 58,0% |
| Langtímaskuldir | 44.372 | 42.818 | 1.554 | 3,6% |
| Næsta árs afborganir langt. skulda | 1.011 | 841 | 170 | 20,2% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 813 | 1.227 | -414 | -33,7% |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | 48.752 | 46.504 | 2.247 | 4,8% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 96.140 | 93.734 | 2.406 | 2,6% |

Heildareignir félagsins námu 96.140 m.kr. þann 30.06.2020 en þær jukust um 2,6%. Fjárfestingaeignir jukust um 2,2% eða 2.038 m.kr., fjárfest var fyrir 1.839 m.kr. og matsbreyting nam 19 m.kr.

Félagsbústaðir festu kaup á 30 nýjum íbúðum á fyrri hluta 2020 alls er áætlað að kaupa 144 íbúðir á árinu.




Langtímalán jukust á tímabilinu um 1.500 m.kr. Tekin voru 3.500 m.kr. með útgáfu félagslegra skuldabréfa með ábyrgð Reykjavíkurborgar en félagið fékk í fyrra vottun og heimild til þess að gefa út félagsleg skuldabréf sem eru skuldabréf gefin út til að fjármagna verkefni sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Hluti af andvirði lánanna, ríflega 2.000 m.kr., voru nýttar til þess að greiða upp eldri óhagstæðari lán. Auk þess tókust samningar við Íbúðalánasjóð (HMS) um lækun vaxta á eldri lánum um 0,92%-stig sem skilar sér strax í lægri vaxtagreiðslum.

Félagið fékk einnig greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 712 m.kr. Vaxtagreiðslur lækkuðu um 36 m.kr. samanborið við fyrra ár en um 1,2 m.kr. miðað við endurskoðaða ársáætlun félagsins.


Eigið fé hækkaði um tæplega 160 m.kr. frá ársbyrjun 2020 sem skýrist af hlutfjárhækkun 147 m.kr. og matsbreytingu eigna 12 m.kr. Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 49,3% en var 50,4% í lok árs 2019.

Sjóðstreymi




Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:

Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af tekjum hefur vaxið síðan 2018. Árið 2018 dugar veltufé frá rekstri ekki fyrir afborgunum lána. Æskilegt lágmarks hlutfall er 1.



Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Á síðustu árum hefur nettó fjárfesting verið töluvert umfram veltufé frá rekstri og hefur bilið verið brúað með stofnframlögum og lántökum.



¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutfalög. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2016-2020 skv. gangvirðisuppgjöri:

| Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör | 2016_06 | 2017_06 | 2018_06 | 2019_06 | 2020_06 | Markmið |
|--|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Eiginfjárlutfall | 45,3% | 52,9% | 51,9% | 51,3% | 49,3% | - |
| Arðsemi eigin fjár | 49,7% | 46,8% | 6,8% | 14,7% | 0,0% | - |
| Veltufjárlutfall | 0,10 | 0,38 | 0,07 | 0,51 | 0,94 | - |
| Vaxtaþekja (EBIT/nettó gr. vextir) | 1,55 | 1,54 | 1,49 | 1,76 | 1,69 | >= 1,4 |
| Skuldaþekja (EBIT/(afb. + nettó gr. vextir)) | 1,00 | 0,96 | 0,97 | 1,14 | 1,03 | >= 0,9 |
| Uppgreiðslutími | 58 | 59 | 61 | 46 | 52 | - |
| Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur | 17,0% | 16,8% | 15,3% | 22,0% | 19,1% | - |
| Framlegð (EBIT) / rekstrartekjur | 47,6% | 47,5% | 44,8% | 50,6% | 46,5% | - |

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Afkoma fyrir matsbreytingar, verðbætur langtímalán og óreglulega liði er 492 m.kr., tap fyrir óreglulega liði er 138 m.kr. Óreglulegir liðir eru vegna sölu eignar 157 m.kr. Matsbreytingar fjárfestingaeigna voru umtalsvert lægri á tímabilinu jan-júní en á árinu 2019.
- Matsbreytingin í rekstrarreikningi skiptist í matsbreytingu fjárfestingaeigna sem nam 168 m.kr. og hækkun skuldbindingar vegna 30% stofnframlaga sem nam 149 m.kr., nettó matsbreyting í rekstrarreikningi er því 19 m.kr.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2020 og hins vegar er miðað við 0,83% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til júní. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgi þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafni félagsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem minnkaði um 1,6% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 7,3% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 16,5%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysliverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum var 46,2% en áætlun gerði ráð fyrir 45,9%. Fráviknið má aðallega rekja til þess að rekstrargjöld voru 57 m.kr. (4,4%) undir áætlun.
- Helsta skýring á lægri rekstrargjöldum er að framkvæmdagjöld húsfélaga eru 16,2 m.kr. undir áætlun og þá er viðhalds- og framkvæmdakostnaður 38 m.kr. undir áætlun. Auk þess lækkar rekstur fasteigna um 22 m.kr.
- Eignaaukning varð minni en áætlað var en keyptar voru 30 íbúðir á tímabilinu en áætlað er að kaupa 144 íbúðir á árinu. Félagið hefur stækkað mikið á síðustu árum en frá árinu 2014 hefur íbúðaeiningum fjölgað um ríflega 500. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki enn frekar eða úr tæplega 2.600 íbúðaeiningum í tæplega 3.100 árið 2023.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var um 13 m.kr. (5,4%) umfram áætlun. Fráviknið skýrist af 19 m.kr. umframkostnaði í annar skrifstofukostnaður en laun og launatengd gjöld eru 8 m.kr. yfir áætlun. Framlag í afskriftarreikning var lægra en áætlað sem nemur 14 m.kr.
- Vaxtagreiðslur voru 1,2 m.kr. undir áætlun en áætlun var endurskoðuð í maí eftir lækkan á vaxtabyrði langtímalána en hagstæð vaxtakjör fengust á ný og eldri lán og hluti af lántökum var nýttur til þess að greiða niður eldri óhagstæðari lán. Alls voru tekin ný lán fyrir 3,5 ma.kr. en uppgreiðsla lána nam 2,0 ma.kr.
- Veltufé frá rekstri nam 435 m.kr. á fyrri hluta 2020 en afborganir lána 403 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja lækkaði í 1,69 og skuldaþekja lækkaði í 1,03 á fyrri helmingi 2020 (1,76 og 1,14 2019 F2) og eru yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Handbært fé jókst á tímabilinu eða úr 1.059 m.kr. í 1.340 m.kr. 30.06. 2020.
- Lántökur á árinu námu alls 3.500 m.kr., lán með útgáfu félagslegra skuldabréfa í nafni félagsins. Óhagstæðari eldri lán að fjárhæð 2.000 m.kr. voru greidd upp. Þá fengust 712 m.kr. greiddar í stofnframlög frá ríki og borg.
- Félagsbústaðir hafa gert samninga um stofnframlög fyrir 2.524 m.kr. þar af 891 m.kr. við Reykjavíkurborg og 1.633 m.kr. við ríkið. Alls voru gerðir samningar fyrir 780 m.kr. tímabilið 01.01.2020 til 30.06.2020, þar af var útistandandi krafa 199,2 m.kr. þann 30.06.2020 vegna stofnframlaga ríkisins.

- Reykjavíkurborg greiddi á tímabilinu hlutafjárúkningu 147 m.kr. í samræmi við samþykkt á aðalfundi.


Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.

| Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.) | Raun 2020 F2 | Raun 2019 F2 | Breyting | % |
|----------------------------------|---------------|---------------|---------------|----------------|
| Rekstrartekjur | 24.272 | 23.502 | 770 | 3,3% |
| Rekstrargjöld | -9.879 | -9.571 | -308 | 3,2% |
| EBITDA | 14.393 | 13.931 | 462 | 3,3% |
| Afskriftir | -6.284 | -5.728 | -556 | 9,7% |
| EBIT | 8.109 | 8.203 | -94 | -1,1% |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | -11.762 | -5.130 | -6.632 | 129,3% |
| Tekjuskattur | 2.749 | 276 | 2.473 | 895,0% |
| Rekstarniðurstaða | -900 | 3.349 | -4.249 | -126,9% |

Rekstarniðurstaða tímabilsins var neikvæð um 900 m.kr. sem er lækkun um 127% milli ára eða um 4.249 m.kr. Meginskýring á neikvæðri afkomu er vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða sem er neikvæð um 5.737 m.kr. á árinu 2020 en var neikvæð um 589 m.kr. 2019. Einnig er gengismunur neikvæður um 3.039 m.kr. á árinu en var neikvæður um 1.212 m.kr. 2019. Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 11.762 m.kr. en voru á árinu 2019 neikvæð um 5.130 m.kr.


Rekstrarhagnaður (EBITDA) hækkar um 462 m.kr. milli ára.



Rekstrartekjur hækka um 770 m.kr. eða 3,3% milli ára sem skýrist fyrst og fremst af aukinni sölu á heitu vatni.


| Tekjur eftir starfspáttum (í mkr) | Raun 2020 F2 | Raun 2019 F2 | Mism. | % |
|-----------------------------------|---------------|---------------|------------|-------------|
| Veitur | 15.756 | 14.790 | 966 | 6,5% |
| Orkusala og framleiðsla | 7.003 | 7.024 | -21 | -0,3% |
| Önnur starfsemi | 1.513 | 1.688 | -175 | -10,4% |
| | 24.272 | 23.502 | 770 | 3,3% |

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Orkusölu og framleiðslu, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur. Tekjur af samkeppnisrekstri eru 34,8% af heildartekjum samstæðu OR.



Rekstrargjöld án afskrifta hækka um 308 m.kr. milli ára eða 3,2%. Orkukaup og flutningur lækka um 46 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækka um 516 m.kr. sem skýrist af mestu leyti af kjarasamningshækkunum. Annar rekstrarkostnaður lækkar um 162 m.kr. eða 5,0%, sem skýrist að mestu af minni viðhaldskostnaði virkjana og veitukerfa.

| Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.) | Raun 2020 F2 | Raun 2019 F2 | Breyting | % |
|------------------------------------|--------------|--------------|------------|-------------|
| Orkukaup og flutningar | 2.824 | 2.870 | -46 | -1,6% |
| Laun og launatengd gjöld | 3.962 | 3.446 | 516 | 15,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | 3.093 | 3.255 | -162 | -5,0% |
| | 9.879 | 9.571 | 307 | 3,2% |



Efnahagur

| Efnahagur (m.kr.) | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | % |
|--|-----------|------------|----------|-------|
| Fastafjármunir | 363.355 | 344.342 | 19.013 | 5,5% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 8.605 | 7.052 | 1.553 | 22,0% |
| Handbært fé, b. innlán og markaðsv.br. | 28.188 | 18.490 | 9.698 | 52,4% |
| Eignir samtals | 400.148 | 369.884 | 30.264 | 8,2% |
| Eigið fé | 188.796 | 182.299 | 6.497 | 3,6% |
| Langtímaskuldir | 175.801 | 162.635 | 13.166 | 8,1% |
| Næsta árs afborganir langtíma skulda | 21.748 | 15.064 | 6.684 | 44,4% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 13.803 | 9.886 | 3.917 | 39,6% |
| Skuldir samtals | 211.351 | 187.585 | 23.766 | 12,7% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 400.148 | 369.884 | 30.264 | 8,2% |

Heildareignir félagsins eru 400 ma.kr. í lok árs 2020 og hafa hækkað um 30,3 ma.kr. á árinu. Fjárfest var fyrir 7,4 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna nam 6,3 ma.kr. Þýðingarmunur á varanlegum rekstrarfjármunum ON Power, sem hefur starfrækslugjaldmiðil í dollar, nemur um 14,2 ma.kr. á tímabilinu vegna veikingar krónu gagnvart dollar. Leigueignir, samkvæmt IFRS16 reikningsskilastaðlinum, nema 2,6 ma.kr., og á móti er færð leiguskulld, samtals 2,4 ma.kr.

Veltufjármunir nema samtals 36,8 ma.kr. og hækka um 11,3 ma.kr. frá áramótum. Þar hefur sjóður félagsins hækkað um 9,7 ma.kr. frá áramótum.

Á árinu hefur álverð sveiflast á milli 1.462 - 1.833 USD/tonn. Frá áramótum til uppgjörsdags hefur álverð lækkað um 10%. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga lækkaði sem nemur 5,7 ma.kr. frá áramótum sem einkum má rekja til lækkunar á framvirkum álverðum. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga námu alls 105 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga er gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Heildarskuldir félagsins eru 211,4 ma.kr. í lok júní 2020 og hafa hækkað um 23,8 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hafa hækkað um 13,2 ma.kr. Gefin voru út skuldabréf að fjárhæð 10,8 ma.kr. í þremur opnum skuldabréfaútboðum og einu lokuðu skuldabréfaútboði á tímabilinu. Lántakan var m.a. gerð til að styrkja lausafjárstöðuna. Heildarafborganir lána námu 7,6 ma.kr. Gengistap á tímabilinu nam 9,9 ma.kr. vegna veikingar á gengi krónunnar.


Nettóskuldir eru 141,4 ma.kr. í lok 2. ársfjórðungs og hafa hækkað um 5,1 ma.kr. á árinu.

| Í m.kr. | Raun 2020 F2 | Raun 2019 |
|--|----------------|----------------|
| Hreyfingar með greiðsluáhrif | | |
| Vaxtaberandi skuldir 1. jan | 154.019 | 151.284 |
| Ný lántaka | 11.449 | 16.967 |
| Afboranir | -7.629 | -19.145 |
| Hreyfingar án greiðsluáhrifa | | |
| Gengismunur | 9.866 | 2.955 |
| Verðbætur | 1.199 | 1.958 |
| Vaxtaberandi skuldir í lok tímab. | 168.904 | 154.019 |

| Langtímaskuldir (í m.kr.) | Raun 2020 F2 | Raun 2019 | Breyting | % |
|----------------------------------|----------------|----------------|---------------|-------------|
| Langtímaskuldir í innlendri mynt | 94.006 | 84.484 | 9.522 | 11,3% |
| Langtímaskuldir í erlendri mynt | 74.898 | 69.535 | 5.363 | 7,7% |
| | 168.904 | 154.019 | 14.885 | 9,7% |

Sjóðstreymi Sjóðstreymisyfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Lengst til vinstri sést handbært fé í upphafi árs 2020 og lengst til hægri í lok tímabilsins.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf þann 30. júní 2020 voru 13,1 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar 2020 F2

Fjárfesting **Veitna** nam 2,6 ma.kr. á tímabilinu. Helstu fjárfestingarnar eru endurnýjun lagna og strengja við Elliðaár, heimaæðar, dætur í Hveragerði og endurnýjun aðveituæðar frá Deildartungu. Í **Vatns- og fráveitu** nam fjárfestingin 1,3 ma.kr. og voru helstu fjárfestingar í endurnýjun lagna við Elliðaár, fóðrun fráveitulagna og lýsingartæki í Heiðmörk.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 0,8 ma.kr. Borun vinnsluholu á Nesjavöllum ásamt endurbótum á áspéttibúnaði vegna niðurdælingar eru stærstu verkefni tímabilsins. Meðal annarra verkefna eru endurbætur á stjórnþúnaði, vélaendurbætur og uppsetning á hleðslustöðvum.

ON Power fjárfesti fyrir um 1,4 ma.kr. á fyrri hluta ársins 2020. Stærstu verkefnin eru vinnsluhola á Hellisheiði, niðurrennslishola á Hellisheiði, lok stækkunar á Varmastöð og stækkun á Skiljustöð í Hverahlíð.

Önnur fjárfesting nam 1,3 ma.kr. Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og í upplýsingakerfum.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá þremur matsfyrirtækjum, erlendu matsfyrirtækjunum Moody's og Fitch Ratings og íslenska matsfyrirtækinu Reitun.

Lánshæfiseinkunn OR hjá matsfyrirtækinu Reitun er i.AA3 jákvæðar horfur.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings staðfesti lánshæfiseinkunn OR sem BB+ og stöðugar horfur í apríl 2020. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingaflokki hjá Fitch.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr Ba2 jákvæðar horfur í Ba1 stöðugar horfur í mars 2018. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingarflokki hjá Moody's.

Stjórnendur OR hafa sett sér það markmið að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtæki á næstu árum. Fyrirtæki í fjárfestingaflokki hafa betra aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum á betri kjörum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR fyrir árin 2016F2-2020F2:

| Orkuveita Reykjavíkur | 2016 F2 | 2017 F2 | 2018 F2 | 2019 F2 | 2020 F2 | Arðgreiðsluskilyrði |
|---------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------------------|
| Eiginfjárlutfall | 38,3% | 42,6% | 47,3% | 47,4% | 47,2% | ≥ 40% |
| Arðsemi eigin fjár | 9,1% | 12,6% | 5,9% | 4,1% | -0,1% | |
| Veltufjárlutfall | 0,9 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,0 | ≥ 1 |
| Vaxtaþekja | 5,6 | 5,7 | 4,6 | 4,6 | 4,3 | ≥ 3,5 |
| ROCE | 5,1% | 6,4% | 6,6% | 4,8% | 4,2% | |
| Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri | 6,0 | 4,7 | 5,7 | 5,0 | 5,6 | |
| Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir | 16,6% | 21,2% | 17,4% | 19,9% | 17,7% | ≥ 17% |


Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaðinum síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfuramma fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfamma, vottunaraðlilinn CICERO gaf rammanum dökkgrænan stimpil. Græn skuldabréf eru skuldabréf sem notuð eru til að fjármagna umhverfisvæn fjárfestingaverkefni, það eru verkefni sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þrýstingur hefur verið á fjárfesta að beina fjármagni á þann veg að hægt sé að ná langtímamarkmiðum á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Þrjú opin skuldabréfaútböð og eitt lokað hafa verið á tímabilinu. Gefin hafa verið skuldabréf í skuldabréfaflokki OR020934GR og skuldabréfaflokki OR180255GB. Samtals voru gefin út græn skuldabréf fyrir 10,8 ma.kr. á tímabilinu 1.1. – 30.6.2020.

Áhættustýring


Hækkun vaxta felur í sér áhættu í rekstri og efnahagi OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti.

Varnarhlutfall vaxta




Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá hversu hátt hlutfall tekna hafa verið varðar.

Álvarnarhlutföll



Gjaldeyrisflæði ma.kr.



| | Innstæða | Innflæði | Útflæði | Nettó |
|------|----------|----------|---------|--------|
| 2020 | 2.594 | 3.963 | -6.842 | -284 |
| 2021 | 0 | 6.939 | -11.422 | -4.482 |
| 2022 | 0 | 6.807 | -10.000 | -3.194 |
| 2023 | 0 | 7.085 | -12.504 | -5.419 |
| 2024 | 0 | 7.438 | -11.868 | -4.430 |
| 2025 | 0 | 7.732 | -10.800 | -3.068 |

Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og tekna hjá ON Power ohf., en tekjur þess félags eru m.a. í bandaríkjadöllum og evrum. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag. Myndin og tafla sýnir áætlað gjaldeyrisstreymi, stuðst er við dagsloka gengi Seðlabanka Íslands 30.6.2020.

Á móti gengisáhættu í efnahag vegna erlendra lána færast gengismunur af erlendu láni innan samstæðu yfir rekstur auk þýðingarmunar yfir eigið fé.

Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborganir lána í erlendri mynt.

| Erlend mynt (m.kr.) | Raun 2020 F2 | Raun 2019 F2 | Mism. | % |
|----------------------------|---------------|---------------|--------------|---------------|
| Tekjur í erlendri mynt | 3.329 | 3.470 | -141 | -4,1% |
| Kostnaður í erlendri mynt | 800 | 664 | 138 | 20,8% |
| Afborganir í erlendri mynt | 4.523 | 8.629 | -4.106 | -47,6% |
| | -1.994 | -5.823 | 3.827 | -65,7% |

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli sama tímabils í fyrra um 462 m.kr. eða um 3,3%. Hækkunina má að mestu rekja til þess að tekjur Veitna hækkuðu um 966 m.kr. Á móti kom að launakostnaður hækkaði um 516 m.kr. sem skýrist að mestu leyti af kjarasamningshækkunum.
- Rekstarniðurstaða versnar mjög á milli tímabila og er neikvæð uppá 900 m.kr. sem er lækkun uppá 127%. Meginskýring á neikvæðri afkomu er vegna gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða sem er neikvæð um 5.737 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 en var neikvæð 589 m.kr. á sama tímabili 2019.
- Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 11.762 m.kr. sem er breyting uppá 129% frá sama tíma fyrir ári.
- Eignir OR jukust um 30 ma.kr. á árinu eða um 3,6%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 154 ma.kr. í 168,9 ma.kr. eða um 9,7%. Eiginfjárhlutfall OR stóð svo til í stað í 47,2%.
- Arðsemi eigin fjár féll mikið úr 4,1% í -0,1%, aðrar kennitölur eru á svipuðu reiki.
- Afborganir langtímalána voru um 7,7 ma.kr. en tekin voru ný langtímalán að fjárhæð 11,4 ma.kr.. Handbært fé frá rekstri er um 12,5 ma.kr. og lækkar frá fyrra ári sem nemur 0,8 ma.kr. Góð staða handbær fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir svo háum afborgunum.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:


- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 59,3% eða sama og á fyrri helming 2019. OR glímir enn við afborgunarpunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.
- Lán sem hafa eigendaábygd nema um 88,0 ma.kr. en bein ábygd borgarsjóðs á þeim er um 82,3 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábygðum verði mætt ef á reynir.
- Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útflæði erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá og með árinu 2020 til 2025 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt og nemur uppsafnað nettó útflæði gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 20,9 ma.kr.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðslufláði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljótaskast.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2020_06 | Breyting | % | Raun 2019_06 | Breyting | % |
|---|--------------|----------------|-------------|------------|--------------|-------------|----------------|
| Rekstrartekjur | 1.581 | 1.639 | -58 | -3,6% | 1.547 | 33 | 2,2% |
| Rekstrargjöld | -1.682 | -1.631 | -52 | 3,2% | -1.289 | -393 | 30,5% |
| EBITDA | -40 | 72 | -111 | n/a | 298 | -338 | -113,4% |
| EBIT | -102 | 8 | -110 | n/a | 258 | -360 | -139,5% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -6 | -7 | 1 | -15,2% | 21 | -27 | -127,7% |
| Rekstrarniðurstaða | -108 | 1 | -109 | n/a | 279 | -386 | -138,6% |

Rekstrarniðurstaða: Niðurstaða ársins er neikvæð um 108 m.kr. sem er verri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir tímabilið. Helstu ástæður má rekja til áhrifa Covid-19 faraldursins á rekstur Slökkviliðsins, annarsvegar aukin kostnaður vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja örugga sjúkraflutninga og hins vegar lægri tekjur af sjúkraflutningum. Einnig er launakostnaður hærri en gert var ráð fyrir í áætlun fyrir tímabilið.


Í ljósi niðurstöðu tímabilsins er rétt að árétta að í samningi Slökkviliðsins við Sjúkratryggingar Íslands er ákvæði um að ef upp koma alvarlegar/sérstakar aðstæður sem samkvæmt eðli málsins falla ekki undir kröfulýsinguna í samningum og leiða til verulegra útgjalda Slökkviliðsins, er gert ráð fyrir að aðilar semji um þann viðbótarkostnað. Sjúkratryggingum hefur verið gerð grein fyrir því að líkur eru á því að Slökkvilið muni fara fram á viðbótargreiðslu vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja órofna og örugga sjúkraflutninga við krefjandi aðstæður vegna Covid-19 faraldursins



Rekstrartekjur:

| Tekjur (m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2020_06 | Breyting | % | Raun 2019_06 | Mism. | % |
|---|--------------|----------------|------------|--------------|--------------|-----------|-------------|
| Framlag eigenda til rekstrar | 802 | 802 | 0 | 0,0% | 766 | 36 | 4,8% |
| Framlag eigenda í fjárfestingasjóð | 48 | 48 | 0 | 0,0% | 48 | 0 | -0,8% |
| Tekjur vegna sjúkraflutninga | 627 | 673 | -46 | -6,8% | 619 | 8 | 1,3% |
| Húsaleigutekjur SHS fasteigna | 59 | 59 | 0 | 0,0% | 57 | 2 | 3,6% |
| Aðrar sértekjur | 35 | 48 | -13 | -27,0% | 49 | -14 | -28,5% |
| Framlag eigenda til almannavarnanefndar | 10 | 10 | 0 | 0,0% | 9 | 1 | 6,1% |
| | 1.581 | 1.639 | -59 | -3,6% | 1.547 | 33 | 2,1% |

Heildartekjur fyrstu 6 mánuði 2020 eru um 59 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir, þar vegur þýngst að tekjur af sjúkraflutningum eru undir áætlun sem rekja má til Covid-19 faraldursins. Heildarfjöldi útkalla er svipaður fyrstu 6 mánuði 2020 eins og undanfarin ár, en hlutfall greiddra sjúkraflutninga lækkar og er nú um 82% en hefur undanfarin ár verið um og yfir 85%. Aðrar sértekjur eru einnig undir áætlun sem koma til vegna færri verkefna í tengslum við sértæka viðburði, t.a.m. tónleika og íþróttaviðburði.



Rekstrargjöld:


| Gjöld (m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2020_06 | Mism. | % | Raun 2019_06 | Mism. | % |
|--------------------------|--------------|----------------|-----------|-------------|--------------|------------|--------------|
| Launakostnaður | 1.363 | 1.314 | 49 | 3,8% | 1.051 | 312 | 29,6% |
| Námskeið og verkefni | 39 | 48 | -9 | -18,9% | 40 | -1 | -2,3% |
| Viðhald og rekstur tækja | 47 | 35 | 12 | 34,3% | 28 | 20 | 71,2% |
| Húsnæðiskostnaður | 85 | 78 | 8 | 10,0% | 63 | 22 | 35,7% |
| Annar rekstrarkostnaður | 86 | 94 | -7 | -7,7% | 68 | 18 | 26,8% |
| Afskriftir | 62 | 63 | -1 | -2,4% | 40 | 22 | 55,6% |
| | 1.682 | 1.631 | 51 | 3,2% | 1.289 | 393 | 30,5% |

Launakostnaður er um það bil 84% af rekstrarkostnaði SHS án afskrifta en um 81% ef afskriftir eru teknar með. Heildarlaunakostnaður er um 4% hærri en áætlað var. Megin ástæða fyrir hærri launakostnaði má rekja til þess að nýr kjarasamningur LSS, sem undirritaður var í maí, felur í sér meiri hækkun launa en gert var ráð fyrir, ásamt eingreiðslu vegna 2019. Meðaltalshækkun í kjarasamningi LSS er um 11% en gert var ráð fyrir 5,5% hækkun í fjárhagsáætlun 2020.

Heildarlaunakostnaður tímabilsins er um 312 m.kr. hærri miðað við sama tímabil 2019, eða um 30%. Helsta skýring fyrir utan kjarasamningsbundnar hækkunar og eingreiðslu vegna 2019, samtals tæplega 13%, má rekja til breytinga á uppgjörsaðferð, þar sem í heildarlaunum fyrstu 6 mánuði 2019 var ekki tekið inn launagreiðsla fyrir júní sem greidd var út í byrjun júlí, sem er um 166 m.kr. 2020, eða ríflega 16%.

Einnig er rétt að nefna að orlofsskuldbinding eftir fyrstu sex mánuði 2020 er hærri miðað við sama tímabil 2019, þar sem möguleikar starfsamanna til að fara í frí var minni en ella vegna Covid-19.

Viðhald og rekstur tækja og húsnæðiskostnaður er samtals um 20 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir, sem má að stærstum hluta rekja til aðgerða sem grípa varð til vegna Covid-19 faraldursins, t.a.m. fjölgun starfsstöðva til að tryggja órofna starfsemi aðgerðasviðsins.




Efnahagur:


| Efnahagur (m.kr.) | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | % |
|------------------------------------|-----------|------------|----------|--------|
| Fastafjármunir | 2.376 | 2.420 | -45 | -1,9% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 114 | 206 | -92 | -80,4% |
| Handbært fé | 280 | 281 | -1 | -0,3% |
| Eignir samtals | 2.769 | 2.906 | -137 | -4,9% |
| Eigið fé | 2.134 | 2.242 | -108 | -5,0% |
| Langtímaskuldir | 206 | 209 | -3 | -1,5% |
| Næsta árs afborganir langt. skulda | 13 | 12 | 0 | 2,7% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 416 | 443 | -27 | -6,4% |
| Skuldir samtals | 635 | 664 | -29 | -4,6% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 2.769 | 2.906 | -137 | -4,9% |

Eiginfjárlutfall SHS er um 77%. Eina **langtímaskuld** samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólbraut.


Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun um hvar ný slökkviliðsstöð verði staðsett, en vonir standa til að það verði gert á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.




Sjóðstreymi:



Fjárfestingar. Á fyrst helmingi ársins 2020 hefur verið fjárfest fyrir um 20 m.kr. þar vegur þyngst ýmis búnaður tengdur Covid-19 faraldrinum, þ.e. sendibifreið og húsbúnaður fyrir tímabundnar starfstöðvar.



Fjöldi útkalla: Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2020 var farið samtals í um 16 þúsund útköll, þar af 15.442 sjúkraflutninga og 654 brunaútköll, sem er mjög sambærilegt við síðustu ár, en þó heldur minna en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. Sjúkraflutningar í tengslum við Covid-19 eru mun flóknari og kalla á meiri viðbúnað en hefðbundnir flutningar, þ.e. oft fleiri en einn sjúkrabíl í hvert útkall. Covid-19 faraldur hefur því leitt til þess að hlutfall greiddra útkalla hefur minnkað og er núna um 82% en hefur að jafnaði verið um 85%. Tekjur af sjúkraflutningum fyrst sex mánuði ársins er um 7% lægri en áætlun gerði ráð fyrir.



Myndin sýnir fjöldi sjúkraflutninga og fjöldi brunaútkalla, ásamt því að sýna hlutfall þróun greiddra flutninga síðust ár.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir árin 2015-2020:


| SHS - samstæða | 2016_06 | 2017_06 | 2018_06 | 2019_06 | 2020_06 |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Eiginfjárhlutfall | 71,5% | 75,5% | 79,8% | 81,3% | 77,1% |
| Arðsemi eigin fjár | 20,0% | 49,4% | 16,2% | 26,4% | -9,6% |
| Veltufjárhlutfall | 1,06 | 1,84 | 2,08 | 2,56 | 0,92 |
| Langtímaskuldir/eigið fé | 12,8% | 10,7% | 9,9% | 8,9% | 9,7% |
| Uppgreiðslutími | 0,6 | 0,3 | 0,6 | 0,3 | n/a |
| Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur | 17,2% | 33,4% | 14,2% | 20,8% | -2,7% |
| Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur | 17,1% | 17,4% | 13,9% | 19,2% | -2,5% |

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan er neikvæð um 108 m.kr. og er 109 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Helstu ástæður má rekja til áhrifa Covid-19 faraldursins á rekstur Slökkviliðsins, annarsvegar aukin kostnaður vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja örugga sjúkraflutninga og hins vegar lægri tekjur af sjúkraflutningum.
- Veltufé frá rekstri er neikvætt og veltufjárhlutfallið komið niður fyrir 1 sem getur valdið vandræðum ef ekki næst að rétta það af.

- Eiginfjárlutfall er sterkt en dalar.
- Fjárfestingar sem farið var í snúast aðallega að búnaði tengt Covid-19.
- Sjúkratryggingum hefur verið gerð grein fyrir því að líkur eru á því að Slökkviliðið muni fara fram á viðbótargreiðslu vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja órofna og örugga sjúkraflutninga við krefjandi aðstæður vegna Covid-19 faraldursins. Nýtt verður ákvæði í samningi um alvarlegar eða sérstakar aðstæður sem valda kostnaðarauka.

| SORPA bs. (m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2020_06 | Breyting | % | Raun 2019_06 | Breyting | % |
|------------------------------------|--------------|----------------|-------------|---------------|--------------|-----------|--------------|
| Rekstrartekjur | 1.826 | 2.125 | -299 | -14,1% | 1.955 | -129 | -6,6% |
| Rekstrargjöld | -1.733 | -1.822 | 89 | -4,9% | -1.908 | 175 | -9,2% |
| EBITDA | 189 | 450 | -262 | -58,1% | 158 | 31 | 19,3% |
| EBIT | 93 | 304 | -210 | -69,3% | 47 | 46 | 96,7% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -73 | -100 | 27 | -27,0% | -26 | -47 | 185,4% |
| Rekstrarniðurstaða | 20 | 203 | -183 | -90,2% | 22 | -2 | -8,0% |



Rekstrarniðurstaða samlagsins fyrstu 6 mánuði ársins er um 20 m.kr. Magn úrgangs hefur dregist saman um 5,9% miðað við sama tímabil 2019. Magnminnkun stafar af því að aðilar á sorphirðumarkaði hafa hætt að afhenda úrgang til meðhöndlunar hjá SORPU og hafa hafið útflutning á efninu til brennslu erlendis. Áhrif þessara breytinga á meðhöndlun, umsýslu og ráðstöfun úrgangs í aðra farvegi en til SORPU sáust fyrst um mitt árið 2019 og munu áhrif þessara magnbreytinga vera komnar fram að fullu í lok árs 2020. Tekjur hafa dregist saman á milli tímabila um 6,6% m.a. vegna magnminnkunar en einnig hafa verið á endurvinnsluefnum lækkað enn frekar frá því í lok árs 2019 og ekki er útlit fyrir að verð hækki í bráð vegna Covid-19 faraldursins.

Rekstrarniðurstaða fyrstu 6 mánuði ársins er nánast á pari við árið 2019, en miklar breytingar hafa átt sér stað í rekstri SORPU síðustu misseri. Samlagið hefur staðið í stærsta fjárfestingaverkefni þess frá stofnun með byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar ásamt því að stækka móttökustöðina í Gufunesi. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvarinnar GAJA er lokið og eru prófanir hafnar á tækjabúnaði í Gufunesi og afhendingu á efni til GAJA. Framkvæmdirnar hafa reynt verulega á sjóðstreymi samlagsins vegna viðbótarkostnaðar við fjárfestingarnar, gengið hefur hratt á sjóði samlagsins og þurfti samlagið að auka skammtímalántöku til að fjármagna framkvæmdirnar tímabundið og til að mæta lakari rekstrarafkomu. Nýr framkvæmdastjóri tók við rekstri SORPU um miðjan febrúar 2020 og hefur samlagið verið í endurskipulagningarferli frá þeim tíma. Unnið hefur verið að endurskoðun rekstraráætlunar, fjármögnun fjárfestinga og bættri endurfjármögnun hjá samlaginu til framtíðar. Umfangsmiklar breytingar munu verða á vinnslu og ráðstöfun úrgangs hjá SORPU næstu mánuði en samlagið mun hætta urðun lífræns úrgangs í lok árs 2020 og mun hefja útflutning á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu erlendis – hefur þetta í för með sér endurskoðun á gjaldskrár samlagsins.

| Magnbólur | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | Breyting 2019-2020 |
|---------------------|--------|--------|---------|--------|--------|--------------------|
| Endurvinnslustöðvar | 21.406 | 24.089 | 25.926 | 26.287 | 27.995 | 6,5% |
| Móttökustöð | 46.528 | 52.251 | 53.130 | 47.935 | 45.675 | -4,7% |
| Álfsnes | 84.881 | 94.839 | 108.681 | 99.461 | 89.769 | -9,7% |

| Heimsóknir | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | Breyting |
|---------------------|---------|---------|---------|---------|---------|----------|
| Endurvinnslustöðvar | 409.700 | 437.531 | 447.422 | 457.698 | 470.757 | 2,9% |
| Móttökustöð | 20.598 | 22.501 | 24.221 | 23.187 | 22.969 | -0,9% |
| Álfsnes | 5.758 | 6.725 | 7.613 | 7.324 | 7.182 | -1,9% |

Magn og umferð á endurvinnslustöðunum hefur aukist verulega síðustu ár. Magn jókst um 6,5% miðað við sama tímabil í fyrra en hafa verið í huga að nokkuð misjafnt er á hvaða tímabili vinnsla garðaúrgangs lendir. Magn sem fór um


endurvinnslustöðvarnar fyrri hluta árs 2020 var 27.995 tonn en var 26.287 tonn fyrir sama tímabil árið 2019. Heimsóknum á sama tíma fjölgaði um 3% eða um 13.059 heimsóknir. Endurvinnslustöðvarnar eru misjafnlega í sveit settar til að takast á við aukið umfang. Stöðin á Dalvegi annar ekki lengur umferð íbúa er þangað koma, en skv. bókun í fundargerð bæjarstjórnar Kópavogs þann 23. júní sl. á að loka stöðinni. Stöðin á Jafnaseli er komin að þolmörkum en undanfarið hefur stöðin verið endurskipulögð til að anna betur umferð. Íbúabyggð hefur færst nær og nær stöðinni á Ánanaustum og kvörtunum vegna hávaða hefur fjölgað. Stöðin á Breiðhelli í Hafnarfirði ræður vel við þá umferð er þangað kemur. Stöðin á Sævarhöfða á að víkja vegna breytinga á skipulagi og uppbyggingar Ártúnshöfðans og má búast við því að flytja þurfi stöðina innan næstu 1 – 2 ára. Stöðin í Mosfellsbæ annar umferð nokkuð vel í dag.

Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi gildir til maímánaðar 2035. Í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 voru settar takmarkanir í starfsleyfið varðandi urðun í Álfsnesi, nánar tiltekið að loka skuli urðunarstaðnum í Álfsnesi þann 31. desember 2020. Nú er unnið að endurskoðun starfsleyfis í ljósi viðauka við eigendasamkomulagið sem var undirritaður 6. júlí 2020, en þar samþykktu eigendur að heimila tímabundna framlengingu á takmarkaðri nýtingu á urðunarstaðnum í Álfsnesi frá 2021-2023.

Rekstrartekjur

Skiptingu á tekjum eftir starfspáttum er að sjá í töflunni hér að neðan.


| Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2019_06 | Mism. | % | Raun 2019_06 | Mism. | % |
|-------------------------------------|--------------|----------------|-------------|---------------|--------------|-------------|--------------|
| Móttökugjöld | 1.314 | 1.566 | -252 | -16,1% | 1.471 | -157 | -10,7% |
| Endurvinnsluafurðir | 273 | 284 | -11 | -4,0% | 269 | 4 | 1,5% |
| Útseld þjónusta/aðrar tekjur | 34 | 34 | 0 | -0,3% | 41 | -7 | -18,1% |
| Endurvinnslustöðvar | 720 | 732 | -12 | -1,7% | 629 | 90 | 14,4% |
| Grenndargámar | 37 | 27 | 11 | 39,2% | 28 | 9 | 32,6% |
| Nytjamarkaður | 128 | 166 | -37 | -22,6% | 159 | -31 | -19,5% |
| Vinna milli deilda - eigin not | -680 | -683 | 3 | -0,5% | -643 | -37 | 5,7% |
| | 1.826 | 2.125 | -299 | -14,1% | 1.955 | -129 | -6,6% |



Rekstrargjöld

Móttöku og urðunarkostnaður lækkar vegna minnkandi magns. Rekstrargjöld vegna Góða hirðisins eru lægri þar sem að loka þurfti versluninni tímabundið vegna Covid-19 og tekjur verslunarinnar því lægri. Gjöld umfram tekjur á endurvinnslustöðvunum voru um 20 milljónir. Kostnaður vegna endurskipulagningar hjá samlaginu kemur fram undir liðnum yfirstjórn / sameiginlegt.


| Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2019_06 | Mism. | % | Raun 2019_06 | Mism. | % |
|------------------------------------|--------------|----------------|------------|--------------|--------------|-------------|--------------|
| Yfirstjórn / sameiginlegt | 145 | 111 | 33 | 30,0% | 103 | 41 | 40,2% |
| Þróunar, tækni, fræðsludeild | 68 | 63 | 5 | 8,6% | 71 | -3 | -4,2% |
| Móttöku og urðunarkostnaður | 1.312 | 1.405 | -92 | -6,6% | 1.558 | -245 | -15,8% |
| Endurvinnslustöðvar | 720 | 732 | -12 | -1,7% | 629 | 90 | 14,4% |
| Grenndargámar | 37 | 27 | 11 | 39,2% | 28 | 9 | 32,6% |
| Nytjamarkaður | 128 | 166 | -37 | -22,6% | 159 | -31 | -19,5% |
| Rekstur útleigðs húsnæðis | 2 | 2 | 0 | -2,3% | 2 | 0 | 26,2% |
| Vinna milli deilda - eigin not | -680 | -683 | 3 | -0,5% | -643 | -37 | 5,7% |
| | 1.733 | 1.822 | -89 | -4,9% | 1.908 | -175 | -9,2% |




Efnahagur

| Efnahagur (m.kr.) | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | Breyting |
|------------------------------------|-----------|------------|----------|----------|
| Fastafjármunir | 7.717 | 6.840 | 876 | 13% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 502 | 602 | -100 | -17% |
| Handbært fé | 124 | 442 | -318 | -72% |
| Eignir samtals | 8.342 | 7.884 | 458 | 6% |
| Eigið fé | 3.830 | 3.810 | 20 | 1% |
| Skuldbindingar | 411 | 390 | 21 | 5% |
| Langtímaskuldir | 2.481 | 2.572 | -91 | -4% |
| Næsta árs afborganir langt. skulda | 245 | 264 | -19 | -7% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 1.376 | 848 | 528 | 62% |
| Skuldir samtals | 4.513 | 4.074 | 439 | 11% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 8.342 | 7.884 | 458 | 6% |

Sjóðstreymi





Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar 2020

Í móttökustöðinni í Gufunesi

Stækkun á móttökustöðinni í Gufunesi er lokið en verkefnið hófst árið 2019. Uppsetning og gangsetning nýrra tækja í móttökustöðinni vegna GAJA er að klárast en það verkefni hófst einnig árið 2019.

Á urðunarstaðnum í Álfsnesi hófst bygging gas- og jarðgerðarstöðvar árið 2018 og er sú framkvæmd stærsta fjárfesting SORPU bs. frá upphafi. Verkinu er lokið og byggingin hefur verið afhent samlaginu.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. tímabilið janúar – júní árin 2016-2020:

| | SORPA bs. | 2016_06 | 2017_06 | 2018_06 | 2019_06 | 2020_06 |
|--------------------------------------|-----------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Eiginfjárhlutfall | | 66,4% | 70,0% | 72,0% | 60,9% | 45,9% |
| Arðsemi eigin fjár | | 15,0% | 21,3% | 18,1% | 1,2% | 1,0% |
| Veltufjárhlutfall | | 3,28 | 3,26 | 2,59 | 0,95 | 0,39 |
| Langtímaskuldir/eigið fé | | 15,6% | 9,5% | 7,9% | 23,5% | 64,8% |
| Uppgreiðslutími | | 0,9 | 0,5 | 0,5 | 3,4 | 9,7 |
| Heildarskuldir/rekstartekjum | | 30,9% | 29,0% | 26,8% | 58,1% | 123,6% |
| Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur | | 13,0% | 17,5% | 16,1% | 7,4% | 7,7% |
| Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur | | 13,4% | 17,6% | 16,3% | 8,1% | 10,3% |

Óvissa í rekstri

Verið er að reikna upp áhrif lífskjarasamninga á rekstur SORPU ásamt því að samningaviðræður eru í gangi við Eflingu en þeir samningar hafa verið lausir frá því um mitt árið 2019. Vegna þeirra samninga kann launakostnaður að reynast hærri en forsendur fjárhagsáætlunar 2020 og 2021 gera ráð fyrir.

Framundan eru viðamiklar breytingar á vinnsluferlum úrgangs hjá samlaginu vegna tilkomu GAJA og fyrirhuguðum útflutningi á úrgangi til orkuendurvinnslu erlendis. Ferlin eru óþekkt og mun starfsemin þurfa tíma til að aðlaga sig að breytingunum.

Viðbrögð frá núverandi viðskiptavinum vegna breytts vinnsluferlis SORPU með tilliti til aukins kostnaðar á rekstur þeirra.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstarniðurstaðan er á svipuðu róli og á samátímabili í fyrra en er um 183 m.kr. undir áætlun. Mikill samdráttur er í móttöku á úrgangsefnum sem hefur mikil áhrif á tekjur, auk þess að verð á endurvinnsluefnum hafa farið hríðfallandi frá því í lok árs 2019. Tekjustofnar eru því flestir undir áætlun. Að sama skapi dró úr rekstarkostnaði við minnkandi móttöku sem vinnur aðeins upp á móti tekjutapinu.
- Magnminnkun er 5,9% frá samátímabili í fyrra þar sem aðilar á sorphirðumarkaði hafa hafið útflutning á sorpi til brennslu. Það þýðir ekki endilega að heildarúrgangur sé að minnka á höfuðborgarsvæðinu.


- Allar kennitölur hafa versnað milli ára sem gefur skýrt til kynna þá erfiðu stöðu sem SORPA er í um þessar mundir. Veltufjárlutfallið er komið langt undir 1 sem er æskilegt hlutfall sem þýðir að samlagið á í erfiðleikum með að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur.
- Mikið hefur verið gengið á handbært fé og hefur það lækkað um 72% frá upphafi árs.
- Miklar framkvæmdir eru á vegum SORPU til að mæta lögbundnum kröfum um meðhöndlun á sorpi og kemur því samdráttur í tekjum illa við samlagið á þessum tímamarki.
- Notkun á endurvinnslustöðvum hefur aukist og nokkrar stöðvanna anna vart eftirspurn.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Veltufé frá rekstri er lágt og geta félagsins til að standa undir afborgunum lána hefur versnað.
- Mikilvægt er að þær hagræðingaraðgerðir og endurskipulagning samlagsins sem unnið er að tryggja sjálfbærni rekstrar samlagsins og að hann standi undir þeim miklu fjárfestingum sem ráðist hefur verið í og lántökum sem þeim tengjast.

Strætó bs.

| Strætó bs. (m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun 2020_06 | Breyting | % | Raun 2019_06 | Breyting | % |
|------------------------------------|--------------|----------------|-------------|----------------|--------------|-------------|----------------|
| Rekstrartekjur | 4.068 | 4.524 | -456 | -10,1% | 4.264 | -197 | -4,6% |
| Rekstrargjöld | -4.246 | -4.592 | 345 | -7,5% | -4.350 | 103 | -2,4% |
| EBITDA | -51 | 88 | -139 | -158,4% | 57 | -109 | -189,4% |
| EBIT | -178 | -68 | -111 | 163,9% | -85 | -93 | 109,1% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -32 | -26 | -6 | 22,4% | -24 | -7 | 30,0% |
| Rekstrarniðurstaða | -210 | -94 | -117 | 124,6% | -110 | -100 | 91,5% |




Rekstrarniðurstaða

Afkoma fyrstu sex mánuði ársins 2020 litast af Covid-19 faraldrinum og var neikvæð um 210 m.kr. en gert var ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 94 m.kr. sem er frávik um 117 m.kr. Frávik frá áætlun skýrist að stærstum hluta af lægri rekstrartekjum en áætlun gerði ráð fyrir.

Áætlun gerði ráð fyrir að EBITA yrði jákvæð um 1,9% en raun niðurstaða var neikvæð um -1,3% sem skýrist af lægri fargjöldum en gert var ráð fyrir í áætlun.


Rekstrartekjur á tímabilinu voru lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 10%, þar vega þyngst fargjöld sem voru um 31% lægri sem skýrist af Covid. Akstursþjónusta fatlaðra og aldraðra lækkaði einnig sem skýrist af minni akstri tengdum Covid.

| Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.) | Raun 2020_6 | Áætlun | Breyting | % | Raun 2019_6 | Breyting | % |
|-------------------------------------|--------------|--------------|-------------|---------------|--------------|-------------|--------------|
| Fargjöld - strætó | 708 | 1.025 | -317 | -30,9% | 948 | -240 | -25,3% |
| Rekstrarframlög eigenda | 2.045 | 2.044 | 1 | 0,0% | 1.908 | 137 | 7,2% |
| Ríkisframlag | 450 | 444 | 6 | 1,4% | 444 | 6 | 1,4% |
| Akstursþjónusta- framlag | 732 | 866 | -134 | -15,5% | 816 | -84 | -10,3% |
| Akstursþjónusta - fargjöld | 36 | 50 | -14 | -28,7% | 49 | -14 | -27,5% |
| Aðrar tekjur | 97 | 95 | 2 | 2,4% | 99 | -2 | -2,1% |
| | 4.068 | 4.524 | -456 | -10,1% | 4.264 | -197 | -4,6% |




Fargjaldtekjur viðskiptavina Strætó fyrstu sex mánuði ársins jafngilda um 18% af heildartekjum Strætó sem er um 25% lægra en fyrstu sex mánuði ársins 2019. Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um stefnt skuli að því að þetta hlutfall sé um 40%.

Farþegafjöldi - uppsafnað



Farþegafjöldi - á mánuði




Myndirnar hér fyrir ofan sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda fyrstu sex mánuði 2020 og 2019 og hinsvegar farþegafjölda hvers mánaðar 2020 og 2019.

Farþegafjöldi Strætó fyrstu sex mánuði 2020 voru um 26% færri en gert var ráð fyrir í áætlun og miðað við sama tímabil 2019 er fækkun farþega um 22%.

Rekstrargjöld voru lægri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir en gripið var til hagræðingaraðgerða á móti falli í tekjum. Flestir gjaldaliðir voru undir áætlun en kostnaður vegna kjarasamninga var meiri en gert var ráð fyrir í áætlun.

| Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.) | Raun 2020_06 | Áætlun | Mism. | % | Raun 2019_06 | Mism. | % |
|------------------------------------|--------------|--------------|-------------|--------------|--------------|-------------|--------------|
| Eigin akstur strætó | 1.583 | 1.697 | -114 | -6,7% | 1.593 | -10 | -0,6% |
| Akstur verktaka - strætó | 1.380 | 1.420 | -40 | -2,8% | 1.369 | 11 | 0,8% |
| Akstsþjónusta fatlaðra - verktakar | 767 | 916 | -149 | -16,3% | 865 | -98 | -11,3% |
| Skrifstofu- og stjórnunark. | 389 | 404 | -15 | -3,6% | 380 | 9 | 2,4% |
| Afskriftir | 127 | 155 | -28 | -18,3% | 143 | -16 | -11,2% |
| | 4.246 | 4.591 | -345 | -7,5% | 4.350 | -104 | -2,4% |




Efnahagur

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.526 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 43,4%, samanborið við 45,9% í lok sama tímabils 2019.

Á árinu 2018 var gengið frá langtímaláni að fjárhæð 1.000 m.kr. frá Lánasjóði sveitarfélaga, annarsvegar 720 m.kr. til 38 ára og hinsvegar 280 m.kr. til 17 ára. Lánið var tekið til að geta staðið í skilum á framlagi Strætó til Brúar lífeyrissjóðs. Framlagið nam samtals 1.036 m.kr. þar af voru 254 m.kr. gjaldfærðar 2017, en eftirstöðvar framlagsins verða gjaldfærðar á 20-30 árum. Greiðsludagur framlagsins til Brúar lífeyrissjóðs var þann 1. mars 2018.

| Efnahagur (m.kr.) | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting |
|------------------------------------|-----------|------------|----------|
| Fastafjármunir | 1.811 | 1.860 | -50 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 684 | 698 | -14 |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 552 | 774 | -222 |
| Handbært fé | 471 | 377 | 94 |
| Eignir samtals | 3.518 | 3.710 | -192 |
| Eigið fé | 1.526 | 1.737 | -210 |
| Langtímaskuldir | 1.009 | 1.002 | 8 |
| Næsta árs afborganir langt. skulda | 26 | 26 | 0 |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 956 | 946 | 10 |
| Skuldir samtals | 1.992 | 1.973 | 18 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 3.518 | 3.710 | -192 |

Sjóðsteymi



Eignabreytingar fyrstu sex mánuði ársins 2020

Af heildarvagnafloða Strætó eru 86 vagnar í daglegri notkun og þar af eru um 28 vagnar 12 ára og eldri og eru því í raun komnir yfir eðlilegan líftíma. Gert var ráð fyrir að fjárfesta fyrir 540 m.kr. í nýjum vögnum á árinu 2020, en þeirri fjárfestingu hefur verið frestað vegna Covid-19.

Samkvæmt fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 300 m.kr. á ári í nýjum vögnum árin 2021-2024.

Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms um, að aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, eigi rétt á skaðabótum vegna missis hagnaðar. Búið er að fá dómskvadda matsmenn til að fara yfir möguleg fjárhæð skaðabóta. Óvíst er hvenær niðurstaða fæst. Færð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa. Óvissa er uppi um dómsmál sem í gangi er vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó fyrir tímabilið janúar – júní árin 2016-2020

| Strætó | 2016_06 | 2017_06 | 2018_06 | 2019_06 | 2020_06 |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Eiginfjárlutfall | 63,5% | 69,3% | 47,6% | 46% | 43% |
| Arðsemi eigin fjár | -5,0% | 11,9% | -13,4% | -12,4% | -24,2% |
| Veltufjárlutfall | 1,20 | 1,63 | 1,08 | 1,06 | 1,04 |
| Langtímaskuldir/eigið fé | 4,3% | 0,0% | 56,0% | 60,5% | 66,1% |
| Uppgreiðslutími | 2 | 0 | n/a | 10 | n/a |
| Heildarskuldir/rekstartekjum | 13,2% | 11,7% | 24,4% | 23,0% | 24,5% |
| Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur | 1,6% | 5,6% | -0,2% | 1,2% | -1,7% |
| Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur | 1,4% | 5,2% | -0,2% | 1,3% | -1,3% |

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Heildar afkoma var neikvæð uppá 210 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 94 m.kr. halla. Rekstrartekjur voru 456 m.kr. undir áætlun en gjöldin voru einnig undir sem nemur 345 m.kr..
- Farþegafjöldi Strætó fyrstu sex mánuði 2020 voru um 26% færri en gert var ráð fyrir í áætlun og miðað við sama tímabil 2019 er um 22% fækkun farþega. Fargjaldatekjur farþega stóðu undir 18% tekna Strætó en eigendastefna gerir ráð fyrir 40%.
- Veltufjárlutfall er orðið lágt 1,04 en þó yfir æskilegu lágmarki sem er 1.
- Vakin er athygli á dómsmáli á hendur Strætó vegna útboðs á akstri á höfuðborgarsvæðinu árið 2010 en málið tapaðist fyrir Hæstarétti 2017. Beðið er eftir mati dómkvaddra matsmanna á skaðabótum en gerð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2017 áttu Félagsbústaðir 2.494 íbúðareiningar. Þar af voru 1.975 almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 372 þjónustuíbúðir fyrir aldraða og 147 íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íprótta- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,82% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 60,5% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á árinu 2019.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.